

Íþróttafélagið Völsungur

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit**bls.**

Skýrsla stjórnar	2
Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	3
Rekstrarreikningur félagsins	4
Efnahagsreikningur félagsins	5
Rekstrarreikningur - yfirlit deilda	6
Efnahagsreikningur - yfirlit deilda	7
Skýringar	8 - 9

Íþróttafélagið Völsungur
Kennitala 710269-6379
Stóragarði 8, 640 Húsavík

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Íþróttafélagsins Völsungs fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Tilgangur Íþróttafélagsins Völsungs er að gefa ungum sem öldnum tækifæri til íþróttaiðkana og félagsstarfa og veita þeim fræðslu um gildi íþróttar og heilbrigðra lífshátta.

Hagnaður Íþróttafélagsins Völsungs á árinu 2019 nam kr. 5.586.645. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 53.038.724, bókfært eigið fé í árslok er kr. 40.447.531 og er eiginfjárlutfall félagsins 76%.

Stjórn Íþróttafélagsins Völsungs vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Heimsfaraldur af völdum COVID-19 veirunnar kann að hafa veruleg áhrif á starfsemi félagsins. Stjórnendur félagsins eru að vinna að lágmörkun neikvæðra áhrifa á rekstur félagsins en óvíst er hve áhrifin verða langvinn eða alvarleg. Vísað er til umfjöllunar um áhrif á rekstur félagsins í skýringu nr. 4.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Íþróttafélagsins Völsungs að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Íþróttafélagsins Völsungs staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með áritun sinni.

Húsavík, 25. júní 2020

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar og félagsmanna Íþróttafélagsins Völsungs

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Íþróttafélagsins Völsungs fyrir árið 2019 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Þrátt fyrir að við veitum hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun, viljum við benda á umfjöllun í skýrslu stjórnar og skýringu 4 varðandi atburði eftir lok reikningsskiladags sem kunna að hafa veruleg áhrif á starfsemi félagsins.

Húsavík, 25. júní 2020

PricewaterhouseCoopers ehf.

Rúnar Bjarnason,
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2019

	2019	2018
Rekstrartekjur		
Framlög og styrkir.....	49.335.867	44.778.902
Tekjur af mótum	9.697.024	7.207.320
Auglýsingatekjur.....	25.295.907	21.834.171
Vörusala.....	1.694.797	998.812
Félags- og æfingagjöld.....	20.821.018	22.305.438
Aðrar tekjur.....	778.004	0
	<u>107.622.617</u>	<u>97.124.643</u>
Rekstrargjöld		
Laun, þjálfun og kennsla.....	48.012.390	52.701.589
Íþróttaleg viðskipti.....	42.140.303	32.669.709
Rekstur mannvirkja, vörunotkun	9.802.701	6.032.346
Annar rekstrarkostnaður.....	2.320.938	4.675.997
	<u>102.276.332</u>	<u>96.079.641</u>
Rekstrarhagnaður	5.346.285	1.045.002
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur.....	408.620	374.767
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(168.260)	(318.264)
	<u>240.360</u>	<u>56.503</u>
Hagnaður ársins	<u><u>5.586.645</u></u>	<u><u>1.101.505</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	31.12.2019	31.12.2018
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteign.....	200.000	259.127
Áhöld og tæki	5.982.691	6.667.447
Bifreið.....	2.900.000	2.900.000
Leikmenn.....	2.000.000	1.900.000
	<u>11.082.691</u>	<u>11.726.574</u>
Fastafjármunir samtals	11.082.691	11.726.574
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur.....	10.033.542	8.104.598
Skammtímaskröfur.....	3.515.740	1.091.077
Handbært fé.....	28.406.751	20.266.389
	<u>41.956.033</u>	<u>29.462.064</u>
Eignir samtals	<u>53.038.724</u>	<u>41.188.638</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Endurmatsreikningur.....	2.000.000	1.900.000
Eiginfjárreikningur.....	38.447.531	32.860.886
	<u>40.447.531</u>	<u>34.760.886</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir.....	7.533.812	4.362.047
Aðrar skammtímaskuldir.....	5.057.381	2.065.705
	<u>12.591.193</u>	<u>6.427.752</u>
Skuldir samtals	12.591.193	6.427.752
Eigið fé og skuldir samtals	<u>53.038.724</u>	<u>41.188.638</u>

Rekstrarreikningur ársins 2019 - yfirlit deilda

	Aðalsjóður	Húsavíkur- vottur	Knattsp. Mfl.	Knattsp. Yngri fl.	Sund- deild	Handkn. deild	Fimleika deild	Gönguskiða- deild	Blak- deild	Blak Mfl.	Krakka- blak	Boccia- deild	Bardagaípr- deild	Almenn ípr.deild	Milli- færslur	Samstæða 2019	Samstæða 2018
Rekstrartekjur																	
Framlög og styrkir.....	25.318.938		12.152.489	12.683.381	1.042.006	109.558	718.087	498.319	596.000	1.153.790	2.481.251	405.789	60.044		(7.883.785)	49.335.867	44.778.902
Tekjur af mótum.....			3.646.472	1.936.150		240.000		694.402	597.000	600.000	344.500	1.638.500				9.697.024	7.207.320
Auglýsingatekjur.....	4.200.529		20.393.765	701.613												25.295.907	21.834.171
Vörusala.....			1.053.000	3.500			37.900		457.100	53.847	29.900	59.550				1.694.797	998.812
Félags- og æfingagjöld.....	2.639.500			12.740.471	440.751	824.605	1.056.313		1.429.500		1.293.628	30.000	296.250	70.000		20.821.018	22.305.438
Aðrar tekjur.....	90.000		613.004									75.000				778.004	0
	32.248.967		37.858.730	28.065.115	1.482.757	1.174.163	1.812.300	1.192.721	3.079.600	1.807.637	4.149.279	2.208.839	356.294	70.000	(7.883.785)	107.622.617	97.124.643
Rekstrargjöld																	
Laun, þjálfun og kennsla.....	12.892.124		13.803.343	13.873.535	1.450.220	700.688	1.138.351		1.721.036	451.623	1.745.970		235.500			48.012.390	52.701.589
Íþróttaleg viðskipti.....	8.288.450		14.531.503	9.576.718	347.738	145.038	435.306	657.254	1.127.517	1.355.681	2.598.160	2.806.030	124.900	73.004		42.140.303	32.669.709
Rekstur mannvirkja, vörunotkun o.fl.....	582.536		7.464.182	511.858				433.867	62.778	333.000	414.480					9.802.701	6.032.346
Annar rekstrarkostnaður.....	892.959		478.886	298.698	3.434	103.034	4.012	19.285	107.950	337.190	72.277	2.343	870			2.320.938	4.675.997
Styrkir til deilda.....	7.883.785														(7.883.785)	0	0
	30.539.854		36.277.914	24.260.809	1.801.392	948.760	1.577.669	1.110.406	3.019.281	2.477.494	4.830.887	2.808.373	361.270	73.004	(7.883.785)	102.276.332	96.079.641
Rekstrarhagnaður/(-tap)																	
	1.709.113		1.580.816	3.804.306	(318.635)	225.403	234.631	82.315	60.319	(669.857)	(681.608)	(599.534)	(4.976)	(3.004)		5.346.285	1.045.002
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)																	
Vaxtatekjur.....	95.233		4.935	197.262	11.029	6.459	21.754	25.639	2.851	3.743	5.190	25.276	2.011	7.238		408.620	374.767
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(44.261)		(20.881)	(44.158)	(9.013)	(3.842)	(4.861)	(6.484)	(13.038)	(6.133)	(7.996)	(5.560)	(441)	(1.592)		(168.260)	(318.264)
	50.972		(15.946)	153.104	2.016	2.617	16.893	19.155	(10.187)	(2.390)	(2.806)	19.716	1.570	5.646		240.360	56.503
Hagnaður(tap) ársins																	
	1.760.085		1.564.870	3.957.410	(316.619)	228.020	251.524	101.470	50.132	(672.247)	(684.414)	(579.818)	(3.406)	2.642		5.586.645	1.101.505

Efnahagsreikningur 31. desember 2019 - yfirlit deilda

	Aðalsjóður	Húsavikur- völlur	Knattsp. Mfl.	Knattsp. Yngri fl.	Sund- deild	Handkn. deild	Fimleika deild	Gönguskiða- deild	Blak- deild	Blak Mfl.	Krakka- blak	Boccia- deild	Bardagaþr.- deild	Almenn þr.deild	Milli- færslur	Samstæða 2019	Samstæða 2018
Eignir																	
Fastafjármunir																	
Efnislegar eignir:														200.000		200.000	259.127
Fasteign.....														804.940		5.982.691	6.667.447
Áhöld, innréttingar og tæki.....		994.045					4.183.706									2.900.000	2.900.000
Bifreiðir.....			2.900.000													2.000.000	1.900.000
Leikmenn.....			2.000.000													2.000.000	1.900.000
		994.045	4.900.000				4.183.706							1.004.940		11.082.691	11.726.574
Fastafjármunir samtals		994.045	4.900.000				4.183.706							1.004.940		11.082.691	11.726.574
Veltufjármunir																	
Viðskiptakröfur.....	1.292.169	1.647.140	445.999	6.364.205	524.917	480.672	99.436	328.319	561.327		588.253	206.435	15.000	250.000	(2.770.330)	10.033.542	8.104.598
Skammtímakröfur.....		9.000	779.167	1.022.335		54.872	770.103	112.434			408.080	52.749	252.000	55.000		3.515.740	1.091.077
Handbært fé.....	7.032.646	443.658	1.560.622	10.354.608	957.202	769.988	1.250.434	1.799.779	1.145.258	15.832	852.644	1.473.761	102.271	648.048		28.406.751	20.266.389
	8.324.815	2.099.798	2.785.788	17.741.148	1.482.119	1.305.532	2.119.973	2.240.532	1.706.585	15.832	1.848.977	1.732.945	369.271	953.048	(2.770.330)	41.956.033	29.462.064
Eignir samtals	8.324.815	3.093.843	7.685.788	17.741.148	1.482.119	1.305.532	6.303.679	2.240.532	1.706.585	15.832	1.848.977	1.732.945	369.271	1.957.988	(2.770.330)	53.038.724	41.188.638
Eigið fé og skuldir																	
Eiginfjárreikningar																	
Sérstakur endurmatreikningur.....			2.000.000													2.000.000	1.900.000
Eiginfjárreikningur.....	2.821.391	3.093.843	4.725.432	12.789.171	595.345	1.305.532	6.215.757	1.623.574	591.416	(29.668)	1.447.354	1.732.945	333.970	1.201.469		38.447.531	32.860.886
	2.821.391	3.093.843	6.725.432	12.789.171	595.345	1.305.532	6.215.757	1.623.574	591.416	(29.668)	1.447.354	1.732.945	333.970	1.201.469		40.447.531	34.760.886
Skuldir																	
Skammtímaskuldir:																	
Viðskiptaskuldir.....	2.723.716		822.536	4.339.678	207.130		26.475	549.550	1.083.038	45.500				506.519	(2.770.330)	7.533.812	4.362.047
Aðrar skammtímaskuldir.....	2.779.708		137.820	612.299	679.644		61.447	67.408	32.131		401.623		35.301	250.000		5.057.381	2.065.705
	5.503.424		960.356	4.951.977	886.774		87.922	616.958	1.115.169	45.500	401.623		35.301	756.519	(2.770.330)	12.591.193	6.427.752
Skuldir samtals	5.503.424		960.356	4.951.977	886.774		87.922	616.958	1.115.169	45.500	401.623		35.301	756.519	(2.770.330)	12.591.193	6.427.752
Eigið fé og skuldir samtals	8.324.815	3.093.843	7.685.788	17.741.148	1.482.119	1.305.532	6.303.679	2.240.532	1.706.585	15.832	1.848.977	1.732.945	369.271	1.957.988	(2.770.330)	53.038.724	41.188.638

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur ÍSÍ um bókhald íþróttafélaga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Í ársreikningi koma fram samanlagðir rekstrarreikningar aðalstjórnar, deilda félagsins ásamt sameiginlegum efnahagsreikningi aðalstjórnar og allra deilda félagsins.

Innbyrðis viðskiptum og viðskiptastöðum er eytt út úr ársreikningi.

1.2 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum.

1.3 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

1.4 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

1.5 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Skýringar

2. Fastafjármunir

Fastafjármunir sem færðir eru í efnahagsreikning og breyting þeirra á árinu greinist þannig:

	Fasteign	Áhöld og tæki	Bifreið	Leikmenn	Samtals
Hreyfingar 2019					
Bókfært verð 1/1.....	259.127	6.667.447	2.900.000	1.900.000	11.726.574
Fært út.....	(59.127)	(684.756)	0	0	(743.883)
Matsbreytingar.....	0	0	0	100.000	100.000
Bókfært verð 31/12.....	200.000	5.982.691	2.900.000	2.000.000	11.082.691

3. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning 2019:

Staða 1/1	34.760.886
Matsbreytingar fastafjármuna	100.000
Hagnaður ársins	5.586.645
Staða 31/12	40.447.531

4. Atburðir eftir lok reikningsárs

Frá lokum febrúar 2020 hafa áhrif COVID-19 heimsfaraldurs komið fram sem varð til þess að þann 16. mars 2020 settu stjórnvöld samkomubann á Íslandi, sem gilti fyrir allar samkomur þar sem fleiri en eitt hundrað manns koma saman. Samkomubannið var hert enn frekar þann 23. mars 2020 og gilti þá fyrir samkomur þar sem fleiri en tuttugu manns koma saman. Nokkuð hefur verið slakað á samkomubanni samhliða rénun faraldursins, en þó ljóst að samkomubann í einhverri mynd mun verða við lýði á komandi misserum með tilheyrandi áhrifum á starfsemi félagsins. Stjórnvöld hafa kynnt margþættar aðgerðir til þess að mæta rekstrarerfiðleikum rekstraraðila á Íslandi, þ.m.t. Íþróttafélaga, sem ættu að geta mildað þau neikvæðu áhrif sem blasa við vegna samkomubannsins.

Stjórnendur félagsins hafa reynt að leggja mat á áhrif COVID-19 heimsfaraldursins á rekstur og efnahag félagsins. Áhrif faraldursins á rekstur félagsins koma fyrst og fremst fram í tekjufalli deilda félagsins og hjá aðalstjórn, s.s. vegna frestunar og fjöldatakmarkana á kappleikjum, mótum og öðrum viðburðum sem jafnan eru mikilvægir þættir í tekjuöflun félagsins. Þá er viðbúið að auglýsingasala til styrktaraðila félagsins muni dragast saman samhliða neikvæðum áhrifum faraldursins á rekstur og efnahag styrktaraðilanna.

Stjórnendur félagsins eru að vinna að lágmörkun neikvæðra áhrifa á rekstur þess. Aðgerðir stjórnenda félagsins á þessu stigi felast í því að fylgja fyrirmælum stjórnvalda um aðgerðir, þar með talið varðandi hreinlæti, sóttkví, samkomur og að tryggja aðgreiningu í starfsemi og lágmörkun innbyrðis samskipta starfsmanna. Stjórnendur félagsins hafa enn fremur gripið til aðgerða vegna lækkunar rekstrarkostnaðar og lækkunar starfshlutfalls starfsmanna í samræmi við reglur stjórnvalda þar að lútandi.

Að mati stjórnenda félagsins er félagið vel í stakk búið til þess að mæta tímabundnum samdrætti í tekjum enda fjárhagsstaða félagsins traust og eiginfjárlutall með ágætum, eða 75,8% í árslok 2019. Það er því mat stjórnenda félagsins að COVID-19 heimsfaraldurinn kunni að hafa tímabundin áhrif á rekstur félagsins en ógni þó ekki rekstrarhæfi þess eða hafi veruleg áhrif á mat eigna og skulda félagsins. Það er því mat stjórnenda félagsins að félagið sé rekstrarhæft og er ársreikningurinn lagður fram á þeim grundvelli.